

315. fundur

Fimmtudaginn 3. september 2026, kl. 12:30 kom verðlagsnefnd búvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Hrannar Már Gunnarsson boðaði forföll. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, Kristín Sigfúsdóttir, ATRN og Hálf dán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið var yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús júnímánaðar 2026, frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 11. maí sl. og byggði á verðlagi mars 2026. Kostnaðarliðir hafa hækkað um 1,39% frá mars til júní. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá mars til júní. Vísitölugildi Hagstofunnar sem verðlagsgrundvöllur byggir á liggja ekki fyrir fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, svo júnítölur eru nýjustu vísitölugildi þegar fundurinn var haldinn. Á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 1,8%. Vægi einstakra liða í 1,39% hækkun heildarkostnaðar eru eftirfarandi: Launaliður, 38%, fjármagnskostnaður 15%, fóður 14%, afskriftir 9%, rekstur búvéla 9%. Vægi annarra liða var minna. Rætt um mismun milli framleiðslukostnaðar verðlagsgrundvallar og afurðatekna sem hefur áður verið tekið fyrir á fundum nefndarinnar. Að lokinni yfirferð og umræðum var verðlagsgrundvöllur staðfestur.

2. Iðnaðarlíkan

Farið var yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 11. maí sl. og byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í mars. Samsetning gjaldaliða í iðnaðarlíkaninu hefur verið uppfærð miðað við endurskoðaðan ársreikning 2025. Breytingar á vægi einstakra liða var óveruleg. Frá mars til júní 2026 er hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar metin 1,45%. Að lokinni yfirferð og umræðum voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.

3. Verðákvörðun

Farið var yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 11. maí sl. og byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í mars. Samsetning gjaldaliða í iðnaðarlíkaninu hefur verið uppfærð miðað við endurskoðaðan ársreikning 2025. Breytingar á vægi einstakra liða var óveruleg. Frá mars til júní 2026 er hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar metin 1,45%. Að lokinni yfirferð og umræðum voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.

4. Önnur mál

Umræður um skipunartíma nefndarinnar sem mun ljúka í október og verkefni því tengt. Ákveðið að fara yfir nýjustu niðurstöður rekstrarverkefnis RML og annarra þátta sem verðlagsgrundvöllur byggir á og uppfæra eftir því sem við á. Samhliða því verður lokið við stutta samantekt um uppbyggingu verðlagsgrundvallar sem myndi gagnast nýliðum í nefndinni og öðrum í framtíðinni. Næsti fundur verður haldinn í seinni hluta október nk.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 13:40.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson